

HEGNINGARHÚSIÐ VIÐ SKÓLAVÖRÐUSTÍG

Skýrsla starfshóps um framtíð Hefningarhússins
við Skólavörðustíg

Janúar 2016



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Efnisyfirlit.

1 Inngangur	2
2 Samantekt og tillögur	2
2.1 Húsið	3
2.2 Starfsemin	4
3 Niðurstöður og tillögur	5
Fylgiskjal – Ástandsskýrsla	6

1 Inngangur

Innanríkisráðherra skipaði þann 7. maí 2015 starfshóp sem fékk það verkefni að skoða hugmyndir að framtíðarnýtingu Hegningarhússins við Skólavörðustíg.

Í starfshópnum áttu sæti:

Ásgeir Ásgeirsson, sagnfræðingur og jafnframt formaður
Gunnþóra Guðmundsdóttir, Minjastofnun
Guðmundur Gíslason, Fangelsismálastofnun
Jakob Frímagn Magnússon, Miðborgin okkar
Svanhildur Konráðsdóttir, Reykjavíkurborg
Sverrir Þ. Sverrisson, Íbúasamtök miðborgar

Með starfshópnum starfaði Steinunn Valdís Óskarsdóttir, sérfræðingur í innanríkisráðuneytinu.

Starfshópurinn hélt alls átta bókaða fundi. Gestir á fundum nefndarinnar voru, Freyr Jóhannesson byggingatæknifræðingur, Aðalheiður Atladóttir formaður Arkitektafélags Íslands, Friðrik Rúnar Friðriksson formaður Fangavarðafélags Íslands, Snorri Magnússon formaður Landssambands lögreglumanna, Þórólfur Halldórsson formaður Sýslumannafélagsins og Reimar Pétursson frá Lögmannafélagi Íslands.

Verkefni starfshópsins er lýst svo í verkefnisáætlun “Með tilkomu nýs fangelsis á Hólmsheiði er rétt að huga að framtíð Hegningarhússins við Skólavörðustíg en húsið var byggt sem sérsmíðað fangelsi árið 1874 en hefur hýst margháttada starfsemi hins opinbera þó síðustu áratugina hafi fangelsisstarfsemin verið ráðandi. Um er að ræða eitt af merkilegri húsum borgarinnar byggt árið 1874. Það er áberandi kennileiti í miðborg Reykjavíkur og hefur ótvírætt sögulegt gildi.” Húsið er friðlýst samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Huga þarf að varðveislu og sögu hússins um leið og framtíðarhlutverk þess er mótað.

2 Samantekt og tillögur

Starfshópurinn hélt sinn fyrsta fund í lok maí 2015 og var byrjað á því að fá mat Minjastofnunar og Fangelsismálastofnunar á stöðu hússins með tilliti til friðlýsingar og ástands. Að þeirra mati þarfnast húsið mikils viðhalds. Þak lekur, gluggar eru illa farnir og viðhald hússins hefur nánast ekkert verið sinnt síðustu ár. Að mati Guðmundar Gíslasonar hjá Fangelsismálastofnun liggur húsið undir skemmdum og var ákveðið að starfshópurinn léti gera ástandsskýrslu um húsið. Til að meta til hvaða bráðaaðgerða þurfi að grípa til að forða eigninni frá frekari skemmdum voru þeir Freyr Jóhannesson byggingatæknifræðingur og Auðunn Elíson, byggingafræðingur hjá Verkís fengnir til að skoða og meta ástand hússins. Þeir hafa báðir áratuga reynslu af ástandsmati eldri húsa.

Fylgir ástandsskýrslan með skilagrein þessari en matið fór fram þann 4. júní 2015.

Einnig liggur fyrir greinargerð um sögu og ástand hússins frá Hjörleifi Stefánssyni, arkitekt, dagsett í janúar 1984. Þá liggur fyrir ástandslýsing og kostnaðaráætlun frá Almennu verkfræðistofunni hf., dagsett í maí 1998.

Húsið var friðað þann 18. ágúst 1978 og er því friðlýst bygging samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Friðlýsingin nær til ytra borðs hússins ásamt álmum til beggja hliða og anddyri við stiga. Í 9. gr. laganna er áskilið að Húsafriðunarnefnd fjalli um breytingar á friðlýstum húsum. Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands.

Auk þess að fara í skoðunarferð í Hegningarhúsið var það áskilið í verkefnisáætlun starfshópsins að hafa samráð við Lögmannafélagið, Sýslumannafélagið, Arkitektafélag Íslands, Landssamband lögreglumanna og Fangavarðafélag Íslands. Fundað var með fulltrúum þessara aðila og eru hugmyndir þeirra hér lauslega reifaðar.

2.1 Húsið

Formaður Arkitektafélagsins lagði áherslu á verndun hússins og að fagaðilar kæmu að hönnun og endurgerð þess. Fangavarðafélaginu og Landssambandi lögreglumanna fannst liggja beinast við að upphaflegt hlutverk hússins yrði minnst og að þar yrði starfrækt réttarminjasafn. Formaður sýslumannafélagsins taldi að neðri hæðin ætti að vera opin fyrir almenning en vakti máls á aðstöðuleysi ýmissa nefnda og ráða á vegum ráðuneytisins sem vel mætti ráða bót á með fundaaðstöðu á efri hæð hússins. Formaður Lögmannafélagsins greindi starfshópnum frá því að stjórn LMFÍ hefði skrifað ráðherra og lýst áhuga á kaupum á eigninni. Væri ætlun félagsins að hafa skrifstofu og bókasafn á efri hæð opið almenningi á neðri hæðinni.

Hegningarhúsið er sögulegt tákn aukinnar mannúðar í refsingum á Íslandi. Það var byggt í þeim tilgangi að hneppa mætti sakamenn í varðhald en á sama tíma voru aflagðar líkamlegar refsingar. Hegningarhúsið var í fjölpætri notkun frá fyrstu tíð. Þar voru dómsalir en Bæjarþing Reykjavíkur og Landsyfirrættur, síðar Hæstirættur Íslands voru þar til húsa auk þess sem bæjarstjórn Reykjavíkur fundaði þar um áratuga skeið. Í húsinu voru haldnir bæði lokaðir og almennir fundir og þar voru skólar og námskeið. Það er því einungis síðustu áratugi sem húsið hefur einvörðungu verið fangelsi.

Starfshópurinn telur það vera *forgangsverkefni* að húsið verði gert upp í sem upprunalegastri mynd. Viðgerðir og viðhald hafa setið á hakanum og húsið liggur nú undir skemmdum. Að mati starfshópsins ætti hið opinbera að hafa umsjón með þeirri framkvæmd og afla til þess fjár.

Húsið er friðlýst að ytra byrði og ættu allar framkvæmdir að miða að því að færa það nær upphaflegri gerð. Mikilvægt er einnig að innviðum þess verði sem minnst raskað í þágu breyttrar starfsemi. Ekki hefur verið unnt að sinna ákveðnum viðgerðum og viðhaldi á húsinu vegna starfsemi sem þar hefur verið. Eftir að fangelsið er á braut er mikilvægt að þegar verði hafist handa og fjármunir liggi fyrir í fyrsta áfanga verksins. Best færi á því að eigendur hússins geri upp þá viðhaldsskuld sem á byggingunni hvílir. Ber þá ekki síst að hafa byggingasögulegt mikilvægi hússins í huga. Fyrir nokkrum árum fóru fram hliðstæðar viðgerðir á Alþingishúsinu. Um þá viðgerð eru til ítarlegar skýrslur og fyrir hendi er kunnátta til að standa að viðhaldi á húsum af

Þessum toga en bæði húsin eru sem kunnugt er hlaðin steinhús og því reynir á aðra fagþætti en þá sem helst tengjast viðgerðum og endurnýjun eldri timburbygginga.

Tryggja þarf sérstaka fjármögnun til viðgerðar á Hegningarhúsinu. Það væri dapurlegt ef húsið færðist í flokk þeirra fjölmörgu eldri opinberru bygginga á vegum Ríkiseigna sem bítast þurfa um takmarkað fjármagn. Hafa ber í huga að engin þeirra bygginga er Hegningarhúsið, "steinninn" sjálfur byggt 1871-1873. Ekkert þeirra stendur á Skólavörðustíg 9 – í hjarta höfuðborgarinnar.

Í raun er þetta verkefni fortíðarvandi, viðhaldsleysi sem leysa þarf með myndarlegum hætti áður en hægt er að horfa fram á veg með framtíð hússins í huga. Það er greiðsla á gamalli skuld sem myndar inneign í framtíðinni.

Rætt hefur verið um að selja húsið og setja á almennan markað. Húsið er í raun þjóðminjar þar sem mikil menningarverðmæti felast í því. Staðsetningin ekki síður. Ætti það því að vera áfram í þjóðareigu. Það er því tillaga starfshópsins að eignarhald hússins eigi áfram að vera opinbert og reksturinn í almannapágu. Seinna meir væri hægt að fela rekstraraðilum, einum eða fleiri, að sjá um starfsemi í húsinu og mikilvægt er að kallað verði á opinn og gagnsæjan hátt eftir hugmyndum og/eða tilboðum í rekstur þegar þar að kemur.

2.2 Starfsemin

Hús sem svo lengi hefur verið lokað þarf að opna og það þarf að vera opið og aðgengilegt almenningi.

Starfshópurinn telur að í húsinu ætti að vera fjölþætt menningarstarfsemi og þjónusta ss. sérhæfð verslunarstarfsemi og veitingarekstur. Ekki er það þó tillaga hópsins að húsið verði fyrst og fremst veitingahús, hvað þá öldurhús.

Starfsemin verður að falla að gerð hússins og nýta sér þá möguleika sem rýmið felur í sér. Þannig mætti færa salarskipan á efri hæð sem næst upphafinu. Bæjarþingsalurinn er varðveisluverður vegna fágætisgildis. Því ætti að fara varlega í allar breytingar í því rými. Í tengslum við hann mætti koma upp réttarsögusafni þar sem saga hússins og samhengi við þróun borgarinnar yrði rakin í myndmáli og flatskjám. Þá yrði sagan áfram rakin í einhverjum hinna gömlu fangaklefa.

Saga hússins sem fangelsis verður ekki umflúin þótt húsið hafi jafnframt þjónað sem ráðhús bæjarins í öndverðu og aðsetur æðstu dómstóla. Það er ekki nýtt að menn horfi til framtíðarnota Hegningarhússins. Þegar Hæstiréttur flutti úr húsinu árið 1948 horfðu menn til þess að brátt yrði fangelsið sem þá þegar þótti úrelt, liðin tíð. Var þá sú hugmynd reifuð að Steinninn yrði safnahús fyrir Reykjavík.

Áhugaverð tækifæri felast jafnframt í því að í húsinu verði einhvers konar sýningarhald tengd þróun byggðar og mannlífs í Reykjavík. Gæti það tengst endurgerð "borgarasalarins" á efri hæð hússins. KFUM fundaði í borgarasalnum, þar rak séra Friðrik einnig unglingskóla, þar var Iðnskólinn um skeið og margt fleira mætti nefna. Á flatskjám mætti rekja á gagnvirknan hátt þróun Reykjavíkur frá því húsið var byggt sem var þá staðsett vel fyrir utan bæinn. Færi vel á því að Borgarsögusafn hefði veg og vanda af slíkri sýningu.

Neðri hæð hússins mætti nýta sem sýningar- og verslunarrými. Klefarnir gefa kost á upplifunarrými þar sem mætti sýna gagnvirk listaverk, hljóðverk, hljóðmyndir tónlistarmanna, handverk og hönnun. Þar mætti sýna ýmsar minjar frá fyrri tíð og nýta hið þrönga, aflukta rými til hljóðupplifunar, þar sem ákveðið tímasteið væri endurgert. Möguleikarnir eru óþrjótandi. Í hluta gamla fangelsisins verður að minnast upphafsins. Þá þarf að huga að veitingaraðstöðu í framhluta hússins sem tengist garðinum.

Garðurinn eykur mjög notagildi eignarinnar og er hann í raun einstakt aflokað svæði í hjarta höfuðborgarinnar. Hann mun hafa mikið aðdráttarafl. Þar getur almenningur setið á góðviðrisdögum og notið veðurblíðu og veitinga. Garðurinn er í raun miklu sveigjanlegra rými en sjálft húsið en hann má útbúa á ýmsa vegu bæði með miklum og litlum tilkostnaði en þó af fullum sóma. Garðinn væri hægt að helluleggja eða jafnvel flísaleggja og yfirbyggja að hluta til, og þá með opnanlegum glerhjúp, enda mikilvæg upplifun að vera úti í garðinum. Yfirbygging þyrfti að falla vel að hinu friðlýsta húsi. Það er vert að íhuga þann möguleika að byggja og setja niður þjónusturými fyrir veitingarekstur í knöppu formi úti í garðinum (eldhús o.þ.h.) og valda þannig sem minnstri röskun á innra byrði hússins. Veggina mætti lækka og hafa þá hæð sem miðað var við í öndverðu. Í garðinum ætti að vera fullkomið svið með hljóð- og ljósabúnaði sem gefur kost á tónleikahaldi s.s. jazzi eða órafmagnaðari tónlist. Sviðslistir, uppistand og fleira gæti einnig notið sín í garðinum. Vel færi á því að jazztónlist yrði þar sómi sýndur.

3 Niðurstöður og tillögur

Starfshópurinn telur það vera *forgangsverkefni* að húsið verði gert upp í sem upprunalegastri mynd og af myndarskap. Viðgerðir og viðhald hafa setið á hakanum allt of lengi og húsið liggur undir skemmdum. Hið opinbera á sjálft að annast verkið og afla til þess fjár.

Tryggja þarf sérstaka fjármögnun til viðgerðar á Hegningarhússinu. Það væri afar dapurlegt ef húsið færðist í flokk þeirra fjölmörgu eldri opinberu bygginga á vegum Ríkiseigna sem bítast þurfa um stopular fjárveitingar. Hafa ber í huga að engin þeirra bygginga er Hegningarhúsið, "steinninn" sjálfur byggt 1871-1873. Ekkert þeirra stendur á Skólavörðustíg 9 – í hjarta höfuðstaðarins.

Lagt er til að varið verði um 250 milljónum króna á fjárlögum til þess að bjarga Hegningarhúsinu frá enn meiri skemmdum.

Þá er það tillaga starfshópsins að eignarhald hússins verði áfram opinbert og að starfsemin verði í almannaþágu. Það væri síðan hægt að fela rekstraraðilum, einum eða fleirum, að sjá um starfsemi í húsinu eftir að auglýst hefur verið eftir hugmyndum og/eða tilboðum í reksturinn.

Fylgiskjal – Ástandsskýrsla



Hegningarhúsið við Skólavörðustíg - Skoðun

Minnisblað



MINNISBLAÐ

HÖFUNDAR: Freyr Jóhannesson og Auðunn Elíson
DREIFING: Ásgeir Ásgeirsson

DAGS.: 2015-06-22
NR.: 01

Forsendur

Að beiðni Ásgeirs Ásgeirssonar, formanns starfshóps um framtíð Hegningarhússins við Skólavörðustíg hafa undirritaðir Freyr Jóhannesson, byggingatæknifræðingur og Auðunn Elíson, byggingafræðingur hjá Verkís hf. skoðað og metið ástand Hegningarhússins.



Óskað er eftir að metið verði til hvaða bráðaaðgerða þurfi að grípa til að forða eigninni frá frekari skemmdum og að skoðað og metið verði hvaða þætti í eigninni þarf að lagfæra eða endurgera, óháð því hvaða starfsemi yrði í húsinu. Einnig er óskað eftir því að fjallað verði um hvaða þætti í eigninni þurfi að skoða nánar eða rannsaka og sem eru óháðir því hvaða starfsemi verði í húsinu en gætu haft áhrif á notkun eða nýtingu þess.

Undirritaðir skoðuðu eignina 4. júní 2015 að viðstöddum Guðmundi Gíslasyni forstöðumanni. Farið var í flest rými hússins og þau skoðuð ásamt því að Guðmundur fræddi undirritaða um hvað hefur verið gert við húsið á liðnum áratugum. Fyrir liggur greinargerð um sögu og ástand hússins frá Hjörleifi Stefánssyni dagsett í janúar 1984. Einnig liggur fyrir ástandslýsing og kostnaðaráætlun frá Almennu verkfræðistofunni hf. dagsett maí 1988. Undirritaðir hafa ekki vitneskju um að aðrar úttektir hafi verið gerðar síðar.

Hegningarhúsið er friðað í B-flokki og friðunin tekur til ytra byrðis hússins ásamt álmum til beggja hliða, anddyri og stiga.

Hjörleifur Stefánsson fjallar ítarlega um sögu hússins og gerð þess í greinargerð og er neðangreind umfjöllun um gerð hússins tekin úr henni.

Miðhluti hússins er tveggja hæða 28 ½ alin á lengd 18 álnir og 6 þuml. á breidd og 11 álnir að veggbrún, (gesims), með tveimur aðliggjandi álmum sem báðar eru á einni hæð, 19 álnir og 8 þuml. að lengd og 16 álnir breiðar. Útveggir miðhluta eru 1 alin og 6 þuml. á þykkt á neðri hæðinni en á efri hæðinni og hliðarálmum eru þeir 1 alin á þykkt.

Skilveggir á neðri hæð eru 15 þuml. þykkir úr kalkmúruðum hraunsteini nema í íbúð forstöðumanns sem eru úr bindingsverki og eru múrhúðaðir eins og skilveggir efri hæðarinnar. Yfir allri neðri hæðinni eru 7x8 þuml. gólfbitar með millilagi, múrhúðun og nótuðu gólfborðum. Á neðri hæðinni eru gólfbitar úr 6x6 þuml. timbri. Þakið er gert úr 5x5 þuml. timbri og er það klætt með 1 þuml. nótuðum borðum og klætt með 16 þuml. löngum steinskífum.

Samkvæmt upplýsingum frá Guðmundi Gíslasyni hefur lítið viðhald verið á eigninni á langan tíma.

Endurnýjaður hefur verið hluti af gluggum hússins en ekki verið að fullu gætt að því að halda upprunalegu formi þeirra eða gerð. Hluti glugga í klefum á austurálmum hefur verið endurnýjaður með stálgluggum.

Umfjöllun

Útveggir

Eins og fram kemur í umfjöllun hér að framan eru sökkjar hússins hlaðnir úr tilhöggnu grágrýti og veggir úr hraungrýti.

Við skoðun kom í ljós að fúga milli steina er á mörgum stöðum léleg eða ónýtt vegna tæringar og veðrunar. Fúga hefur ekki verið endurnýjuð milli steina frá því húsið var byggt og því ekki óeðlilegt að tími sé kominn til að fara í þær framkvæmdir.



Endurnýja þarf fremri hluta fúgu, eða um það bil 100 mm, milli steina á öllum útveggjum hússins og væri það gert bæði til að styrkja steinhleðsluna og halda heildstæðu útliti hússins.

Útveggir miðhúss ofan við þak hliðarálmu hafa verið múrhúðaðir. Múrhúðunina þarf að fjarlægja og hreinsa steina þannig að hleðsla sé sýnileg. Efsti hluti útveggja eða þakkantar (gesims) er hlaðinn úr tígulsteinum. Endurgerða þarf þakkantinn þar sem hann er orðin tærður og fúguefni ónýtt. Hluta af steinhleðslu er væntanlega hægt að endurnýta.



Gluggar og hurðir

Gluggar bæði í miðhúsi og í hliðarálmum hafa að hluta til verið endurnýjaðir en aðrir gluggar eru væntanlega upprunalegir. Hér er um að ræða stál- eða timburglugga. Útlit og form þeirra er töluvert annað en áður var. Gluggar sem ekki hafa verið endurnýjaðir eru lélegir.

Allar útihurðir hafa verið endurnýjaðar en ekki hefur verið leitast við að gera það í samræmi við aldur og stíl hússins.

Endurnýja þarf alla glugga í húsinu og þeir gerðir sem næst því sem þeir voru í upphafi. Einnig þarf að endurnýja allar útihurðir og þær gerðar með hliðsjón af samræmdu útliti og næst því sem er upprunalegt.



Þök

Þak á miðhúsi hefur lengi lekið og hafa verið gerðar ráðstafanir að innanverðu til að veita vatni sem kemur í gegnum þakið niður í rennur við þakfót og því svo veitt út úr húsi. Greinilegt er að búið er að endurnýja hluta þakskífa með efni sem ekki er í samræmi við eldri skífur. Einnig vantar nokkrar þakskífur á þakið.

Í miðhúsi eru skemmdir á súðklæðningu þaks undir þakskífum vegna langvarandi leka og einnig eru rakaummerki á sperrum vegna þessa. Svo virðist sem að ekki sé upprunaleg súðklæðning á þakinu. Ekki var

hægt að greina skemmdir í súðklæðningu undir bárujárnsklæðningu hliðarálma en líklegt er að hún hafi verið endurnýjuð að einhverju leyti þegar skipt var um þakklæðningu.



Ekki var hægt við skoðun að greina hvort að sperrur séu fúnar við þakfót en með hliðsjón af langvarandi leka er ekki ólíklegt að endurnýja þurfi hluta sperra eða hluta af einstökum sperrum vegna fúa.

Endurnýja þarf allar þaksífur á þaki miðhúss ásamt því að endurnýja súðklæðningu. Yfirfara þarf sperrur við sperrufót og væntanlega þarf að endurnýja hluta af einstaka sperrum ásamt fótremum. Á hliðarálmmum þarf að skipta út bárustáli fyrir þakskífur og væntanlega þarf að endurnýja súðklæðningu.

Endurnýja þarf allar þakrennur og þakniðurföll.

Skorsteinar

Á húsinu er einn skorsteinn hlaðinn úr tígulsteinum og er hleðsla hans og fúgur yfir þakfleti orðin léleg. Taka þarf niður skorstein og endurhlaða hann fyrir ofan þakflöt.

Innri rými

Innra rými og tæknibúnaður stýrist mikið af því hvaða starfsemi verður í húsinu. Breytingar er hægt að gera á öllum hlutum hússins en telja verður að ef niðurrif verður á milliveggjum þarf að gera ráðstafanir varðandi burð milligólfs. Hluti hitakerfis hússins eru pottofnar sem eru frá fyrri tíð. Nauðsynlegt er, þrátt fyrir að lagnakerfi verði endurnýjað, að haldið verði í þessa fallegu pottofna.

Hluti af gólfi miðbyggingar og gólfs í austurálmum er úr timbri og eru umtalsverð rakaummerki í aðliggjandi veggjum og í gólfinu. Fjarlægja þarf timburgólf og steypa nýtt gólf í staðinn.



Kjallari

Kjallari er undir vesturálmum og eru umtalsverð rakaummerki bæði á gólfi og veggjum. Hreinsa þarf alla vegg, endurfúga milli hleðslusteina og koma í veg fyrir að vatn leiti inn í rýmið. Væntanlega þarf að koma fyrir dælubrunni ásamt jarðvatnslögnum.

Garður

Fangagarður er afmarkaður af veggjum að hluta til. Yfirborðsfrágangur garðsins er annars vegar mól og hins vegar grasþökur.

Fjarlægja þarf allan jarðveg og endurnýja ásamt því að leggja drenlagnir og niðurföll í lóðina. Síðan að helluleggja yfirborð að mestu.



Garðveggur

Neðri hluti garðveggja er úr hlöðnu grágrýti en efri hluti er steinsteyptur.

Er það mat undirritaðra að fjarlægja þurfi steypa hlutann, hreinsa steinhleðslu og endurgera fúgur.



Langvarandi skortur á viðhaldi á eigninni hefur leitt til þess að gera þarf umfangsmiklar lagfæringar á húsinu eins og lýst er hér að framan. Einnig má gera ráð fyrir að með breyttri starfsemi komi til margvíslegra aðgerða til lagfæringar á innra rými hússins. Í minniblaði þessu er fjalla að mestu leyti um bráðaaðgerðir sem grípa þarf til en þó með það að markmiði að vernda merka byggingu og gæta að uppruna hennar eins og kostur er. Umræddar bráðaaðgerðir þola að mati undirritaðra enga bið og nauðsynlegt að hefja lagfæringar við fyrstu hentugleika.

Umræddar bráðaaðgerðir þola að mati undirritaðra enga bið og nauðsynlegt að hefja lagfæringar við fyrstu hentugleika.

Áætlaður kostnaður

Heildarkostnaður er á verðlagi í júní 2015 með 25% virðisaukaskatti.

Útveggir	
Endurnýjun á fremri hluta fúgu í útveggjum	30.000.000 kr.
Gluggar og hurðir	
Endurnýjun allra glugga	23.000.000 kr.
Endurnýjun allra útihurða	7.000.000 kr.
Þök	
Niðurrif og förgun	9.900.000 kr.
Endurbygging þaka	69.100.000 kr.
Endurgerð þakkants	9.000.000 kr.
Annar kostnaður	10.000.000 kr.
Garðveggir	
Niðurbrot á steypum hluta garðveggja og viðgerð á steinhleðslu	28.000.000 kr.
Aðrar lagfæringar	20.000.000 kr.
Hönnun, umsjón og eftirlit	35.000.000 kr.
Samtals:	<u>241.000.000 kr.</u>

Reykjavík, 22. júní 2015

Freyr Jóhannesson

Auðunn Elíson